

Grindavík

Hamfarasvæði

Mikilvægar
öryggisupplýsingar



**Í neyð,
hringið
í 112**

Mikilvæg atriði

Mikilvæg atriði til að hafa í huga í og við Grindavík.

1. Rýming er tilkynnt með viðvörunarflautum sem óma um bæinn og SMS.
2. Ef til rýmingar kemur skal yfirgefa svæðið tafarlaust. Fylgið skiltum sem á stendur: Flóttaleið.
3. Börn eru á ábyrgð forráðamanna og skal aldrei láta þau úr augsýn.
4. Haldið ykkur utan afgirtra svæða.
5. Ekki skal ganga út á hraunið, það er óstöðugt, mjög hvasst og getur verið heitt.
6. Ekki skal fara inn á einkalóðir íbúðarhúsa, þær hafa ekki allar verið hættumetnar.
7. Varast skal að stöðva ökutæki í vegköntum á leiðinni að bænum, það eykur hættu á alvarlegum umferðarslysum.
8. Alfarið er mælt gegn gönguferðum utan bæjarmarka, sprungur geta opnast fyrirvaralaust.



Hvað á að gera ef viðvörðunarflautur heyrast?

Ef viðvörðunarflautur
Almannavarna fara í gang
**skal yfirgefa bæinn
tafarlaust** um næstu
flóttaleið og **aka varlega.**

Starfsfólk öryggisgæslu
og viðbragðsaðilar eru
starfandi í bænum og
munu aðstoða.

Athuga skal að síðasta miðvikudag
hvers mánaðar **klukkan 11:00** er
æfing á viðvörðunarflautunni.

Almennar upplýsingar

Kröftugar og reglulegar jarð-hræringar hafa verið á Reykjanesskaga um nokkurra ára skeið. Þær hafa m.a. komið fram í jarðskjálftum og eldgosum og þurfti t.d. að rýma Grindavík vegna hættu á eldgosi á svæðinu. Við þetta ástand varð umtalsvert tjón í bænum, sprungur opnuðust, bæði inni í bænum og utan hans, byggingar hafa skemmst og eyðilagst og í janúar 2024 urðu þrjú hús í bænum hraunrennsli frá eldgosi að bráð.

Bærinn var opnaður fyrir almenningi í október 2024. Áfram verður fylgst grennt með jarðhræringum á svæðinu en til þess getur komið að Grindavík verði rýmd á ný.

Farið hefur verið í mótvægisáðgerðir til að auka öryggi í Grindavík. Fyllt hefur verið í sprungur og/eða þær girtar af. Álagsprófanir hafa verið gerðar á sumum viðgerðum stöðum auk þess sem öryggis- og varúðarmerkingar hafa verið settar upp víða í bænum og er mikilvægt að fylgja þeim í hvítetna.

Framkvæmdanefnd
um málefni
Grindavíkur

Útgefið, október 2024

Farið varlega, fylgið merkingum og berið virðingu fyrir húsum og eignum fólks.



Rýming er
tilkynnt með
viðvörunarflautu
og SMS.



Gætið að börnum
öllum stundum.



Fylgið fyrirmælum
ekki fara inn á
lokuð svæði.



Fall í sprungur
getur verið
lífshættulegt.

Nánari upplýsingar
má finna á:

www.visitreykjanes.is